

Arnarlax hf.  
Strandgötu 1  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 28. nóvember 2019  
UST201901-287/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.**

Þann 5. september sl. fór fram eftirlit í Arnarlax, Arnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi frávik frá árinu 2018 vegna hvíldar sjókvíaeldissvæðis við Hringsdal.

**Ein ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats vegna bráðamengunar hafs og stranda. Viðbragðsáætlun vegna mengunar byggir ekki á áhættumati og því hefur ekki verið skilað inn til stofnunarinnar. Rekstraraðili er skv. upplýsingum frá 27. nóvember sl. að vinna að áhættumati.
2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vera með og starfa eftir vöktunaráætlun sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt. Vöktunaráætlun var ekki í samræmi við þær forsendur sem gefnar voru við vinnslu starfleyfis, t.d. í skyrslu um mat á umhverfisáhrifum. Rekstraraðili skilaði inn nýrri vöktunaráætlun þann 22. nóvember sl. **Ekki verður farið í frekari eftirfylgni með fráviku þar til eftirlitsaðili hefur tekið nýja vöktunaráætlun til afgreiðslu.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. desember, 2019.

Virðingarfyllst

Hulda S. Jónasdóttir  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir  
Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Kvíældi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gálisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Arnarlax	05.09.2019	Arnarfjörður	2
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
580310-0600	15.02.2032	Já	Sjókvíar, 10.000t af laxi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Árið 2018 var um 2380 tonnum tonnum slátrað úr Haganesi og Steinanesi og 2670 tonnum úr Hringsdal. Lífmassi í lok árs var samtals 9964 tonn. Þegar eftirlitið fór fram var lífmassi í kvíum í Arnarfirði um 6680 tonn.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Nýr fóðurprammi kom á Tjaldanes og prammi frá Haganesi var færður í Tálknafjörð. Verið er að skoða að sækja um breytingar á leyfi m.t.t staðsetninga eldisins sem og hvíldartíma.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar mjög góðar.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?	X			Skilað inn í GB og vöktunarskýrslu sem bárust 30. apríl.
Grænu bókhaldi og útstremnisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?	X			GB skilað 30.apríl, útstremnisbókhaldi skilað í febrúar.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Viðbragðsáætlun v. bráðmengunar hafs og stranda skal skv. lögum 33/2004 byggja á áhættumati. Ekki lá fyrir áhættumat vegna bráðmengunar þegar eftirlitið fór fram. Eftirlitsaðili fór fram á að það yrði gert og frekari viðbragðsáætlun gerð ef áhættumatið kallaði á. Til staðar er viðbragsáætlun v. olíumengunar.

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Kvíældi

				Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 27. nóvember sl. er áhættumat í vinnslu.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?		X		Á ekki við
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Trygging er í gildi til 31.12.19.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Eftirlitsaðili benti á nokkra hluti sem betur mættu fara í verkferlum vegna meðhöndlunar dauðfisks og neyðaráætlun rekstraraðila vegna rekstrarstöðvunar. Uppfærðir verkferlar/áætlanir bárust 15. okt sl.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			Umhverfismarkmið voru til staðar en rekstraraðila var bent á að gott væri að setja sér mælanleg markmið. Uppfærð umhverfisstefna og umhverfismarkmið bárust 15. okt. sl.  Arnar lax starfar eftir kröfum ASC staðalsins og er með ACS vottun á einhverjum eldissvæðum.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmynndun sé í lágmarki?	X			Handstýrð myndavéla fóðrun frá OPC í höfuðstöðvum á Bíldudal.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?  Mælingar eða útreikningar?  Síðustu mælingar?		X		Skráð í GB en ekki reiknað í kg/framleitt tonn. Útreikningar frá fóðurnotkun.  Eftirlitsaðili óskar eftir því að losunin í kg/framleitt tonn verði framvegis hluti ársyfirlits.  Heimild leyfis er 20 kg/framleitt tonn.  Styrkur var einnig mældur í sjósýnum við Haganes og Steinanes í nóvember 2018.
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með?	X			Með myndavéla fóðruninni eru fóðurleifar í lágmarki.

**Eftirlit með fiskeldisstöö  
Kvíældi**

Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?				Farið var í skoðunarferð að Tjaldaneseyrum, ekki varð vart við þörungablóma eða fugl í nágrenninu.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			<p>Þegar eftirlitið fór fram var:</p> <p>Hringsdalur: 6 kvíar, meðalþ:um 4kg lífmassi: 3360 tonn</p> <p>Tjaldanes: 8 kvíar, lífmassi: 522tonn</p> <p>Haganes :tómt</p> <p>Steinanes: fiskur eftir í 3 kvíum, meðalþyngd um 6 kg, samtals tæp 2800 tonn, sem áætlað var að klára að slátra fyrir miðjan nóvember.</p>
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			<p>Einungis var sett út í Tjaldanes á árinu 2019, júní -ágúst. Slátrun hefst þá væntanlega í kringum áramót 2020-2021.</p> <p>Áætlað var að klára slátrun í Steinanesi fyrir miðan nóvember 2019 og hefja slátrun úr einni kví í Hringsdal í desember.</p> <p>Útsetning seiða er næst áætluð við Steinanes og Haganes sumar 2020.</p> <p>Slátrað á Bíldudal.</p> <p>S-Iceland og Arctic Protein taka við slógi.</p>
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.	X			<p>Sjósýni voru tekin við Haganes og Steinanes við hámarkslífmassa í nóvember 2018.</p> <p>Súrefnismettun var einnig skoðuð í vatnssúlu við Steinanes og Haganes við hámarkslífmassa.</p>
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			<p>Þegar eftirlitið fór fram var kominn nýr prammi við Tjaldanes þar sem meltutankur er um borð. Dauðfiski er því safnað þar. Enn sem komið er er slíkt ekki komið við hin eldissvæðin og dauðfiski því safnað í ker og farið með hann í land þar sem Klofningur tekur við honum. Um miðjan nóvember er áætlað að meltutankar verði komnir á alla fóðurpramma og Arctic Protein</p>

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Kvíældi

				(Hordafor í Noregi) sjái um tæmingu þeirra.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?	X			Vöktun er í samræmi við vöktunaráætlun sem rekstraraðili skilaði inn eftir seinasta eftirlit.  Kopar var vaktaður við Haganess og Steinanes þar sem koparnætur höfðu verið notaðar við eldið.  Vöktunaráætlun er þó ekki í samræmi við þær upplýsingar sem komu fram við umsóknarferli Arnarlax, í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Starfsleyfið er unnið á þeim forsendum sem þar koma fram og því skal vöktunaráætlunin vera í samræmi við þær.  Nýrri vöktunaráætlun var skilað inn 22. nóvember sl. og hefur eftirlitsaðili hana til samþykktar.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.	X			Vöktunarskýrslum og GB hefur verið skilað.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?  Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Við max lífmassi í Hringsdal nóvember 2019 og eftir hvíld Steinaness og Haganess, vor 2020.  Akva Plan Niva.

#### Niðurstöður síðasta eftirlits:

Fimm ný frávik komu fram við eftirlit 2018 er vörðuðu umfang, vöktunaráætlun og skil ársskýrslu, græns bókhalds og útstreymisbókhalds. Frávik frá 19. júní 2018 er varðaði hvíld eldissvæðis var ítrekað. Fjórar ábendingar voru gerðar.

<b>Samantekt:</b>	Við eftirlitið komu tvö frávik fram er varða vöktunaráætlun sem og áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda.  Eftirlitsaðili bendir rekstraraðila á að vöktunaraðili skuli ekki einungis vinna vöktunaráætlun í samræmi ÍST ISO 12878, heldur einnig í samræmi við þær upplýsingar sem gefnar voru við vinnslu starfsleyfis.  Áhættumat skal vinna v. bráðamengunar hafs og stranda sbr. lög 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
-------------------	---

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Kvíældi

	<p>Í eftirlitinu var farið út að Tjaldaneseyrum og aðstæður og nýr fóðurprammi, sem þar er staðsettur, skoðaður. Farið var yfir skráningar, skil á gögnum og vöktun.</p> <p>Í eftirlitinu var kynnt fyrir rekstraraðila hvernig ákvörðun tíðni eftirlita framvegis mun byggja á áhættumati Umhverfisstofnunar skv. reglugerð 550/2018 sem og kynntar breytingar á lögum 7/1998 m.t.t. græns bókhalds/umhverfisupplýsinga.</p> <p>Í kjölfar eftirlitsheimsóknar bárust uppfærð neyðaráætlun og uppfærður verkferill um meðhöndlun dauðfisks.</p> <p>Ábending er gerð þess efnis að skráning á fosfór skal koma fram í ársyfirliti á forminu kg/framleitt tonn.</p>
<b>Annað:</b>	Eftirlitsaðili fer fram á að við næstu sýnatökur verði vöktun í samræmi við þær forsendur sem lágu fyrir við útgáfu leyfis, sem og í samræmi við ákvæði starfsleyfis. Einnig skal vöktunaráætlunin taka mið af gæðaþáttum í strandsjó, samþykktum af Umhverfisstofnun og Hafrannsóknastofnun.

*Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Þórasdóttir*

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax Arnarfirði



Dags eftirlits	5.9.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffia Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arnarlax	Eftirlitsmaður	
Heimili	Strandgötu 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	580310-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Silja Baldvinsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Rolf Orjan Nordli	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varða vöktunaráætlun sem og áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun með vísan í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Visað er í meðfylgjandi gátlista.

### Frávik frá

Gr. 2.5 í starfsleyfi

### Lýsing á fráviki

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats vegna bráðamengunar hafs og stranda. Viðbragðsáætlun vegna mengunar byggir ekki á áhættumati og því hefur ekki verið skilað inn til stofnunarinnar. Rekstraraðili er skv. upplýsingum frá 27. nóvember sl. að vinna að áhættumati.

### 5.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal vera með og starfa eftir vöktunaráætlun sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt. Vöktunaráætlun var ekki í samræmi við þær forsendur sem gefnar voru við vinnslu starfleyfis, t.d. í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Rekstraraðili skilaði inn nýrrri vöktunaráætlun þann 22. nóvember sl.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að skráning á fosfór skal koma fram í ársyfirliti á forminu kg/framleitt tonn.


## ANNAD

Eftirlitsaðili fer fram á að við næstu sýnatökur verði vöktun í samræmi við þær forsendur sem lágu fyrir við útgáfu leyfis, sem og í samræmi við ákvæði starfsleyfis. Einnig skal vöktunaráætlunin taka mið af gæðapáttum í strandsjó, sampykktum af Umhverfisstofnun og Hafrannsóknastofnun.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.11.2019

  
Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffia Jónasdóttir